



Alþingi  
Erindi nr. P 138/30  
komudagur 29.10.2009  
SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK

Fullnustudeild  
Fax nr. 562-8415

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Dagsetning

Tívisun

30 október 2009

Varðar: Umsögn um 90. mál – frumvarp til laga um breytingu á lögum um nauðungarsölu

Eftirfarandi eru athugasemdir sýslumannsins í Reykjavík við frumvarpið:

1. Sýslumaðurinn í Reykjavík hefði kosið að sú leið yrði farin að fresta annað hvort byrjun uppboðs og/eða framhaldi uppboðs fram yfir 31. janúar 2010 eða einhvern annan tilgreindan tíma. Það orðalag myndi falla betur að lögnum um nauðungarsölu sem geyma m.a. ítarleg ákvæði um það hvernig staðið skuli að tilkynningum og auglýsingum fyrir byrjun og framhald uppboðs. Nauðungarsöluögin hafa hins vegar ekki að geyma ákvæði um “aukafyrirtökur”, eins og um verður að ræða ef málum er frestað til töku ákvörðunar um framhald uppboðs eins og lagt er til í frumvarpinu.
2. Bent skal á að ef byrjun uppboðs er frestað fram yfir 31. janúar 2010 þá leiðir það til sömu niðurstöðu tímalega séð eins og að fresta töku ákvörðunar um framhald uppboðs. Í báðum tilvikum yrði málið tekið fyrir á tilteknum degi að frestinum liðnum og framhald uppboðs færi síðan fram innan fjögurra vikna frá þeim degi.
3. Ef farin yrði sú leið að fresta framhaldi uppboðs eingöngu, þá þyrfti að bæta fjórum vikum við þann frest sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu eða fram yfir 28. febrúar 2010, til að fresturinn yrði jafnlangur.
4. Vakin er athygli á því að ef niðurstaðan verður sú að fresta töku ákvörðunar um framhald uppboðs eins og lagt er til, þá virðist vera um ákveðið ósamræmi að ræða í 1. og 2. msl. 1. gr. frumvarpsins þar sem 2. msl. gerir einnig ráð fyrir að byrjun uppboðs verði frestað hafi slík ráðstöfun verið ákveðin.
5. Einnig er vakin athygli á því að ef tillagan sem lögð er til í frumvarpinu verður að lögum, þ.e. að bæta aukafyrirtöku við uppboðsmeðferðina til töku ákvörðunar um framhald uppboðs eða ráðstöfun fasteignar á almennum markaði, þá hefur það í för með sér aukinn kostnað fyrir gerðarpóla vegna mætingar lögmannna gerðarbeiðenda við þessa aukafyrirtöku. Sá viðbótarkostnaður getur hlaupið á tugum þúsunda þegar um marga gerðarbeiðendur er að ræða vegna sömu fasteignar. Slíkum viðbótarkostnaði yrði ekki til að dreifa ef kveðið yrði á um að fresta byrjun uppboðs og/eða framhaldi uppboðs.

F.h. sýslumannsins í Reykjavík

Sigríður Eysteinsdóttir  
deildarstjóri fullnustudeildar